

**Alþingi, nefndasvið**

Austurvelli  
150 Reykjavík

**Hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegur, umsögn við 259. mál**

Umhverfis- og samgöngunefnd óskaði eftir umsögn Vegagerðarinnar varðandi þingsályktunartillögu um hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegur, 259. mál á 151. löggjafarþingi.

Snæfellsnesvegur um Skógarströnd er einn umferðarþyngsti malarvegur landsins með fjölmörgum einbreiðum brúm. Vegagerðin er að undirbúa endurbætur og framkvæmdir í samræmi við áform sem koma fram í samgönguáætlun 2020-2034 sem samþykkt var á Alþingi í júní 2020. Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir uppbyggingu á 2. og 3. tímabili, þ.e. 2025-2034.

Í tengslum við fjárfestingaáttak stjórnvalda sem samþykkt var í apríl 2020 var framkvæmdum við Snæfellsnesveg um Skógarströnd flýtt og var 2 km kafla endurbyggður með bundnu slitlagi árið 2020 og stefnt er að framkvæmdum við 5 km langan kafla ásamt tveimur nýjum brúm 2021-2022.

Að þeim framkvæmdum loknum eru um 13 km sem eftir er að leggja bundnu slitlagi frá Vestfjarðavegi að Heydalsvegi.

Vegagerðin hefur unnið að frumdrögum Snæfellsnesvegur að Heydalsvegi og ráðgerir að ljúka vinnu við frumdrög að hönnun Snæfellsnesvegur frá Heydalsvegi að Stykkishólmsvegi á næstu 2 árum. Núverandi vegur er um 39 km langur með 7 einbreiðum brúm. Hluti af þessum undirbúningi er að leggja mat á arðsemi framkvæmdarinnar og má gera ráð fyrir að greinargerð með frumdrögum og þar með talið arðsemismat framkvæmdarinnar geti legið fyrir í lok árs 2022.

Vegagerðin telur að í kjölfar þeirrar vinnu liggi fyrir forsendur fyrir kostnaðarmati og tillögur að áfangaskiptingu uppbyggingarinnar sem munu þá liggja til grundvallar frekari áætlanagerð.

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Guðmundur Valur Guðmundsson  
framkvæmdastjóri þróunarsviðs

Undirskrift

*Guðm. Valur Guðmundsson*